

## Álit nefndar um fyrirkomulag mats á störfum prófessora

Með lögum nr. 150/1996 var kjaranefnd falið að ákveða laun prófessora. Úrskurðir kjaranefndar fólu í sér, auk ákvörðunar um laun, setningu reglna um mat á störfum prófessora. Sá nefndin um alla framkvæmd matsins með aðstoð matsmanna úr háskólunum. Í kjölfarið var gert samkomulag við Félag háskólakennara í Háskóla Íslands um að nota sama matskerfið og skyldu breytingar sem gerðar yrðu á því einnig taka til félagsmanna þess, en vísindasvið HÍ sá um framkvæmd hvað þá varðaði. Árið 2006 tók kjararáð við verkefnum Kjaradóms og kjaranefndar, samkvæmd lögum nr. 47/2006, þar á meðal ákvörðun um laun prófessora. Í 5. gr. laganna sagði að ráðið skyldi skera úr um til hverra ákvörðun þess um laun og starfskjör skyldi ná og í janúar 2007 úrskurðaði ráðið að ákvörðun launa og starfskjara prófessora skyldi ekki lengur heyra undir kjararáð. Í framhaldi af því var vísindasviði HÍ falið að annast umsjón með mati á verkum prófessora í ríkisháskólunum, reikna út ritlaun og hækkanir á milli launaflokka. Ákvörðun þessi átti sér stoð í samkomulagi Félags prófessora í ríkisháskólum og fjármálaráðherra frá 26. september 2008 og skyldi hún gilda þar til sammingsaðilar kæmu sér saman um verklag við mat á störfum.

Í samkomulaginu sagði að skipa skyldi sérstaka nefnd fyrir 1. nóvember 2008 sem hefði það viðfangsefni að útfæra framtíðarskipan verklags við stigaútreikning fyrir prófessora við ríkisháskóla. Skyldi hún skipuð einum fulltrúa frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, einum fulltrúa frá fjármálaráðuneyti, einum fulltrúa frá Háskóla Íslands, einum fulltrúa sameiginlega frá öðrum ríkisháskólum, einum fulltrúa frá Félagi prófessora og oddamanni sem aðilar sammæltust um. Nefndin skyldi skila tillögum til sammingsaðila eigi síðar en 1. febrúar 2009.

Nefndin var ekki fullskipuð fyrr en 12. október 2009 og hélt þá sinn fyrsta fund, en alls urðu fundir hennar fimm. Nefndina skipuðu: Guðrún Zoëga, formaður, Eiríkur Smári Sigurðarson frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Guðmundur H. Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Halldór Jónsson frá Háskóla Íslands, Áslaug Helgadóttir frá öðrum ríkisháskólum en HÍ og Gísli Már Gíslason frá Félagi prófessora við ríkisháskóla.

Nefndin var sammála um eftirfarandi tillögur:

- 1) Mat verði lagt á störf prófessora með sama hætti og áður með gæði háskólastarfsins að leiðarljósi. Nefndin telur æskilegt að matsreglur verði notaðar fyrir sem flesta akademíska starfsmenn í ríkisháskólum óháð kjarafélagi. Matskerfið taki til eftirfarandi atriða:
  - i) Grunnmats nýrra starfsmanna,
  - ii) árlegs mats á störfum sem ákvarðar:
    - (1) skiptingu greiðslna úr vinnumatssjóðum, svo sem Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora og sambærilegum sjóðum,
    - (2) röðun í launaflokka í samræmi við kjara- og/eða stofnanasamninga.
- 2) Viðfangsefni miðlægra kjarasamninga (og/eða hugsanlega stofnanasamninga) verði að ákveða launakjör, launaröðunarkerfi, launaflokka og reglur um yfirvinnu prófessora auk almennra lögbundinna efnisatriða kjarasamninga.
- 3) Þróun matskerfis verði í höndum vísindanefndar á vegum háskólanna í samráði við prófessora og aðra sem kerfið tekur til. Nefndin geri tillögur til matskerfisnefndar, sbr. 4. tölulið, um sameiginlegar matsreglur. Vísindanefnd verði skipuð fimm fulltúum af meginfræðasviðum háskólanna. Rektor Háskóla Íslands tilnefni sex fulltrúa og rektorar hinna ríkisháskólanna tilnefni tvo fulltrúa. Matskerfisnefnd skipi vísinda-

GHG  
h.m.g.  
ES  
QZ  
H


nefnd úr hópi tilnefndra fulltrúa og skal a.m.k. einn þeirra koma frá öðrum ríkisháskóla en Háskóla Íslands.


- 4) Sameiginlegar matsreglur verði staðfestar af fjögurra manna matskerfisnefnd ríkisháskóla, sem í sitji sitt hvor fulltrúi ráðuneyta fjármála og mennta- og menningar- mála, einn frá Háskóla Íslands og einn frá öðrum ríkisháskólum. Auk þess verði hlutverk matskerfisnefndar að skipa vísindanefnd háskólanna sbr. 3. tl., að skipa matsnefndir sbr. 5. tl. og málskotsnefnd sbr. 6. tl. Nefndirnar skulu skipaðar til þriggja ára. Matskerfisnefnd komi saman svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en 16. nóvember næstkomandi.
- 5) Til að tryggja samræmi og samfellu í vinnubrögðum við mat á störfum akademískra starfsmanna í ríkisháskólum telur nefndin mikilvægt að umsjón með matinu verði á einni hendi. Lagt er til að vísindasvið Háskóla Íslands annist árlegt mat á störfum. Matskerfisnefnd, í samráði við vísindasvið Háskóla Íslands, skipi allt að sex þriggja manna matsnefndir sérfræðinga á meginfræðasviðum háskólanna, sem annist faglegt mat á ritverkum. Vísindasvið sendi prófessorum/starfsmönnum niðurstöður matsnefndanna. Vísindasvið og eftir atvikum matsnefndir bregðist við hugsanlegum andmælum.
- 6) Sætti starfsmaður sig ekki við niðurstöður matsins geti hann áfrýjað þeim til þriggja manna málskotsnefndar sem skipuð verði af matskerfisnefnd. Úrskurður málskotsnefndar verði endanlegur.
- 7) Nýjar matsreglur taki gildi í samræmi við framangreint verklag verði settar fyrir 31. desember 2009. Þeim verði fyrst beitt í ársbyrjun 2011 við mat ritverka og annarra starfa ársins 2010. Það miðar að því að öllum hlutaðeigandi starfsmönnum verði kunnugt um efni þeirra reglna sem beitt verður við mat starfa ársins 2010 í tæka tíð. Þangað til verði sama verklag viðhaft og verið hefur.


Reykjavík 6. nóvember 2009,

  
Guðrún Zoëga

  
Eiríkur Smári Sigurðarson

  
Guðmundur H. Guðmundsson

  
Halldór Jónsson

  
Aslaug Helgadóttir

  
Gísli Már Gíslason